



since 1894 by

STOOPEN & meeûs

Tækniupplýsingar

UniWall Wax

VÖRULÝSING

UniWall Wax er glært vax sem veitir yfirborðsvörn til langs tíma fyrir flestar gerðir kalkspartlefna frá Stoopen & Meeûs, bæði vegna snertingar eða annars tímabundins álags (þetta á þó ekki við um kalkmálningu, ClayPaint og mynstruð yfirborðsefni). Vaxið er aðallega hugsað sem skrautvörn því það dýpkar liti, breytir áferð og myndar gljáa – allt eftir vinnuaðferðum. Silver og Gold Wax veita svipaða vörn og hafa sín sérstöku útlitsáhrif að auki.

Sé ætlunin að bera UniWall Wax á málaða fleti þar sem gerð undirlags er þekkt, ætti fyrst að athuga samrýmanleika efnanna á tækniblöðum viðkomandi efna.

Eingöngu ætlað til notkunar innanhúss. Notið ekki á gróft yfirborð þar sem ekki er hægt að draga úr vaxinu.

YFIRBORÐ

Undirbúningur yfirborðs sé samkvæmt notkunarkröfum viðkomandi spartlefna. Yfirborð skal vera traust, fast, þurr, hreint og laust við ryk, fitu, lím, leysiefni og lausar agnir.

UNDIRBÚNINGUR

Handhrærið UniWall Wax vandlega fyrir notkun.

VINNULEIÐBEININGAR

UniWall Wax er borið á með stál- eða plastspaða. Æskilegt er að draga vel úr vaxinu.

TÆKNIUPPLÝSINGAR			
Eðlisástand	Glært, silfur eða gull	Vinnuhitastig	Yfirborðs- og umhverfishiti sé á bilinu 10-30°C
Eðlisþyngd	1,10	Áhöld	Stál- eða plastspaði
pH	7-8	Hreinsun áhalda	Sápuvatn
Efnisnotkun	12-70 g/m ² . Efnisnotkun fer eftir gleypni og grófleika yfirborðs.	Hreinsun yfirborðs	14 dögum eftir síðustu umferð. Notið ekki hreinsiefni, aðeins sápuvatn
Þornunartími	Snertiþurrt á 6 klst (við 20°C og 50% loftraka).	Geymsluþol í lokuðum umbúðum	12 má. í óopnuðum umbúðum (5-25°C), hlífið gegn beinu sólarljósi og frosti
Hörðunartími	Full yfirborðsharka næst á 7 dögum		

ATHUGIÐ

Stoopen & Meeûs ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna, en viðurkennir ekki ábyrgð tengda vinnu og árangri við notkun þeirra. Notandi er ávallt ábyrgur fyrir notkun varanna. Upplýsingar á þessu tækniblaði miðast við almenna vörulýsingu og notkun. Kynnið ykkur ávallt nýjustu viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar www.serefni.is (eða www.stoopen-meeus.com).